

Snorraverkefnið.**Fagnaðarfundur á þingi INL**

Alls eru 12 þátttakendur í Snorraverkefninu 2010 en það er tólfti hópurinn frá því verkefnið var stofnað 1999. Þeir sem koma eru: Jodi Amy, Teal Johannson-Knox & Jesse Chisholm-Beatson frá Ontario. Christine Shimnowski & Kristjana Britton frá Manitoba. Autumn Whiteway, Holly Long, Kara Bodvarson & Stephanie Bokenfohr frá Alberta. Joseph Bowen & Isaac Muscanto frá Minnesota. Iléana Soley Gutnick frá Quebec.

Snorri West

Í byrjun júlímánaðar fer tíundi hópur íslenskra ungmenna til Manitoba í Snorri West verkefninu. Þátttakendur í ár eru: Bryndís Sveinsdóttir & Eydís Bergsdóttir frá Reykjavík og Halla Hauksdóttir & Karólína Árnadóttir frá Akureyri. Fulltrúar að vestan, þau Wanda Anderson verkefnisstjóri og Ernest Stefanson stjórnarmaður efna til samkomu í samvinnu við ÞFÍ í tilefni af 10 ára afmæli Snorri West verkefnisins í:

Þjóðmenningarhúsinu 18. júní 2010**Kl. 16:30**

Þess er vænst að sem flestir þátttakendur fyrri ára og 2010 mæti með aðstandendum

Snorri Plus

Um miðjan ágúst n.k. kemur áttundi hópur á vegum Snorri Plus verkefnisins. Þetta er 10 manna hópur sem dvelur í 2 vikur. Að vanda hefst dvölin með þátttöku í Reykjavíkum maraþoni. Eftir fræðslu og starfsheimsóknir verður farið til Hofsóss.

Þátttakendur eru: Bernice Anderson, Marlene Linneberg, Svala Arnason Dunn, Ferne Gudnason frá Alberta. Charlene Charette, Lawrence Gudnason, Linda Komus & Kathleen McIver frá Manitoba. Beverly Heron frá British Columbia. Lois Streeton frá Saskatchewan

Neil Ófeigs Bardal minnst

Fjölsóttur fundur til heiðurs minningar um Neil Ófeig Bardal var haldinn í Þjóðmenningarhúsinu 25. febrúar s.l. Viðstödd voru Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands og Vígdís Finnbogadóttir frv. forseti. Utanríkisráðherra Össur Skarphéðinsson og frv. ræðismenn Eiður Guðnason og Svavar Gestsson fluttu minni Neils. Guðrún Jónsdóttir flutti kveðju f.h. ættingja Neils og dóttir hennar Elín söng. Listamennirnir Hjörleifur Valsson, Elín Ósk Óskarsdóttir og Hjörtur Yngvi Jóhannsson frændi Neils lögðu sitt af mörkum til að gera þessa stund ógleymanlega. Atli Ásmundsson aðalræðismaður sá um gerð myndbands sem hefur verið fært nánustu aðstandendum Neils.

BEINT FLUG TIL WINNIPEG

Iceland Express hefur áætlunarflug til Winnipeg laugardaginn 5. júní n.k. Í fyrsta fluginu er um 110 manna hópur á vegum Vesturheims ferðaskrifstofu Jónasar Þórs. - Að þessu sinni fara þrír hópar á vegum Vesturheims og ÞFÍ á Íslendingadaginn og karlakórinn Lóuþrælur úr Húnavatns-sýslu syngur bæði í Mountain og Gimli.

KANADAFERÐ**Haust í Nýja Skotlandi 9. – 16. Sept. 2010**

Gist á ATLANTICA hóteli í Halifax í sjö nætur

**Borgarvirkið í Halifax**

Innifalið Flug, gisting m. morgunverði, akstur, skoðunarferðir, aðgangur að söfnum, hádegisverður í skoðunarferðum og fararstjórn.

Upplýsingar um þessar ferðir fást hjá Jónasi Þór í gegnum netfangið jonas.thor1@gmail.com og í síma 861-1046 (09:00-16:00). Sjá einnig nánar á vefsíðunni www.vesturheimur.com